



St. Jón. stúkan Iðunn

Garðabæ 10. september 2015.

Kæru bræður,

Nú er það ferðin okkar til Sauðárkróks og fyrsti fundur vetrarins (FHF) laugardaginn 10. október næstkomandi.

Lagt verður af stað frá Regluheimilinu við Skúlagötu klukkan 07:00 stundvíslega og bræður eru því beðnir um að vera komnir örlítið fyrr til þess að nálgast einkenni sín, þeir sem þess þurfa með.

Ekið verður rakleiðis norður, með nauðsynlegum stoppum og við ætlum að vera komnir á Sauðárkrók ekki seinna en kl.11:00. Fundurinn mun síðan byrja á hefðbundnum tíma klukkan 12:00 og að honum loknum verður bróðurmáltíð að hætti Mælifellsbræðra.

Eftir að bróðurmáltíð lýkur, keyrum við yfir á Hofsós þar sem við munum gista. Eftir að við höfum skipt um föt, verður farið í Vesturfarasetrið og það skoðað undir leiðsögn Valgeirs Þorvaldssonar. Að því loknu áformum við að skoða Kolkuós, einnig undir hans leiðsögn.

Kvöldverður verður síðan á Veitingastaðnum Sólvík á Hofsósi en þar munum við fá lambalæri með tilheyrandi og rjómapönnuköku eða heitt eplapæ í eftirrétt.

Morgunmatur verður síðan á sama stað á sunnudagsmorgni og þegar við erum ferðbúnir, verður haldið áleiðis til Reykjavíkur.

Kostnaður við ferðina þ.e.a.s. fyrir rútuferð, Vesturfarasetrið, kvöldverð, gistingu og morgunmat, er áætlaður 15.000.- krónur og óskast greitt gjaldkera með peningum, eftir að við leggjum af stað frá Reykjavík.

Og svo er bara að skrá sig í ferðina, á netfangið gylfikonrad@gmail.com, en 32 sæti eru í boði.

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

Með bróðurlegri kveðju

Lárus Atlason Stm.